

30 læknar útskrifaðir frá Háskóla Íslands

ÞAD ER FASTUR liður á hverju ári að fundarsalur LÍ fyllist af verðandi læknum. Þetta gerðist 20. júní síðastliðinn þegar 30 nýir læknar undirrituðu læknaeiðinn í bókina góðu sem geymir nöfn allra íslenskra lækna sem útskrifast hafa frá árinu 1932. Daginn eftir fengu þeir skírteini upp á það að hafa lokið almennu læknisprófi.

Við þessa árlegu athöfn bauð Læknafélag Íslands nýútskrifaða lækna velkomna í stéttina og hlýddu þeir á ávörp Sigurbjörns Sveinssonar formanns LÍ, Reynis Tómasar Geirssonar deildarforseta læknaeildar Háskóla Íslands, Elínborgar Bárðardóttur úr stjórn LR og Sigurðar Guðmundssonar landlæknis. Eins og við á við þetta tækifæri miðluðu hinir reyndari læknar þeim óreyndu úr viskubrunni sínum og brýndu fyrir þeim að vera trú köllun sinni og hafa það ætíð hugfast að sjúklingurinn er sá sem allt snýst um. „Glatið ekki forvitninni og hæfileikanum til að dást að hlutum,“ var boðskapur formannsins til nýju lækna og hann bætti því við að þau ættu að reyna fremur að vera menn en læknar.

Þótt fyrir því séu engin vísindaleg rök mætti ætla að hæfileikar til að læra læknisfræði gangi í erfðir. Sú sem bestum árangri náði á lokaprófum og telst því vera dúx í árganginum 2003 heitir Eygló Ósk Þórðardóttir. Hún er dóttir Þórðar Óskarssonar yfirlæknis á Landspítalanum. Fyrir góðan námsárangur hlaut hún í verðlaun ICD-10 sjúkdómaflokkunina sem þýðandinn, Örn Bjarnason læknir, afhenti henni.

Ekki luku allir þeir sem hófu nám í þessum árgangi læknisprófi og í hófinu var Ástu Bragadóttur sem hlaut einkunnina 10 í skriflegri læknisfræði afhentur þríkross til minningar um Sigríði Reynisdóttur sem lést snemma árs 2002. Hefur árgangurinn stofnað sjóð til minningar um Sigríði og hefur hann þann tilgang að styðja læknanema til að stunda nám og rannsóknir erlendis.

Að loknum ávörpum og verðlaunaafhendingum gerðu gestir sér að góðu veitingar sem Læknafélagið bauð upp á. **-PH**



Hlýtt á boðskap Reynis Tómasar Geirssonar deildarforseta læknaeildar Háskóla Íslands.



Eygló Ósk Þórðardóttir dúx árgangsins undirritar læknaeiðinn.

Útskriftarhópurinn

Eftirtaldir luku embættispróf í læknisfræði 21. júní 2003:

Arnar Þór Rafnsson
Ása Eiríksdóttir
Ásta Bragadóttir
Ásta Eir Eymundsdóttir
Benedikt Kristjánsson
Birgir Már Guðbrandsson
Bjarni Þór Eyvindsson
Eygló Ósk Þórðardóttir
Gísli Engilbert Haraldsson
Hafsteinn Ingi Pétursson
Hannes Jón Lárusson
Haukur Björnsson
Helga Elísdóttir
Helga Eyjólfsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Hulda Birna Eiríksdóttir
Ingunn Jónsdóttir
Jóhanna Guðrún Pálmadóttir
Júlíus Ingólfur Schopka
Kristbjörg Sveinsdóttir
Kristinn Örn Sverrisson
Páll Sigurgeir Jónasson
Páll Svavar Pálsson
Rúnar Guðmundur Stefánsson
Signý Vala Sveinsdóttir
Snorri Freyr Donaldsson
Stefán Haraldsson
Theódór Skúli Sigurðsson
Valtýr Stefánsson Thors
Þorsteinn Hreiðar Ástráðsson